

Læknir í 60 ár

„Ég man ekkert frá því í gamla daga,“ er það fyrsta sem Snorri Páll Snorrason, læknir og fyrrverandi formaður Læknafélags Íslands, segir við okkur Birnu Jónsdóttur þegar við tökum hús á honum þar sem hann dvelur nú í góðu yfirlæti á Droplaugarstöðum við Snorrabraut.

Snorri Páll segir líkamann orðinn veikburða en höfuðið virðist í besta lagi og hann styttr sér stundir við að tefla. „Ég tefli við tölvuna. Hún er ansi glúrin, teflir eins og stórmeistari. Ég hef aðeins verið að rifja upp bestu skákir Bobby Fischers frá því hann var ungur. Þær eru stórkostlegar sumar hverjar. Ég fylgdist með flestum skákum þeirra Spasskys í einvígínu 1972.“

Við Birna Jónsdóttir formaður Læknafélagsins heimsóttum Snorra Pál í vor og báðum hann að rifja upp helstu mál er brunnu á félaginu í formannstíð hans árin 1971-1975. Þrátt fyrir meint minnisleysi kom fljótt í ljós að minni Snorra Páls er í fáu ef nokkru ábótavant.

„Magnús Kjartansson var heilbrigðisráðherra þegar ég var formaður LÍ og ég kunní ákaflega vel við hann. Hann var góður penni og ágætur pólitíkus. Við fórum saman í ferð til Norðurlandanna til að freista þess að ráða lækna því þá var læknaskortur í landinu. Við fórum til Stokkhólms, Gautaborgar, Oslóar og Kaupmannahafnar. Þetta skilaði nú ekki mörgum læknum, en þó komu nokkrir, en Magnús sýndi með þessu að hann hafði gert það sem hann gat. Hann var líka með okkur á Blönduósi þegar Læknafélagið hélt aðalfund þar 1972.“

Eitt af því sem var til umræðu í formannstíð Snorra Páls var framtíð Landlæknisembættisins en hugmyndir voru uppi um að leggja það niður og færa verkefnin yfir í heilbrigðisráðuneytið. „Við höldum fund í Gamla bíói útaf þessu máli og þar kom fram mikill einhugur meðal lækna um að sporna á móti þessu. Það varð ekkert úr þessum hugmyndum en mönnum var full alvara með þeim og það var mikilvægt að standa á móti. Það var hlustað á okkur. Ég er hræddur um að það væri öðruvísi um að litast í heilbrigðismálunum í dag ef þetta hefði gengið eftir.“

Birna rifjar upp að heilbrigðislögin voru staðfest af Alþingi árið 1973.

„Það var mikil breyting og átti stóran þátt í

uppbyggingu heilbrigðiskerfisins á landsbyggðinni,“ segir Snorri. „Þar voru reyndar í sumum tilfellum byggð of stór sjúkrahús en það var erfitt að sjá þróunina í byggðamálunum fyrir. Nú vantar fólk á suma þessa staði. Það þarf að vera fleira í boði en sómasamleg laun. Fólk vill hafa aðstöðu til margra hluta,“ segir Snorri Páll.


Þegar rifjaðar eru upp ályktanir af aðalfundum LÍ í formannstíð Snorra Páls er athyglisvert að margt af því sem læknar töldu mikilvæg framfaraspör á 8. áratug síðustu aldar er enn í brennidepli þó verulega hafi miðað í mörgu. „Við ályktuðum um mikilvægi framhaldsmenntunar hér á landi fyrir lækna þó ég sé þeirrar skoðunar að læknar eigi að fara erlendis til að fullnuma sig í sérnámi. Það er mjög mikilvægt og ætti að vera reglan. Það er mikill kostur fyrir íslenska lækna hvað þeir hafa hlotið sérfræðimenntun sína víða og yfirleitt á bestu stofnunum erlendis. Þetta skilar sér allt saman þegar menn koma heim og hugmyndir og aðferðir hrærast saman.“

Hann rifjar upp að eftir að hann útskrifaðist úr læknadeild starfaði hann sem kandídat og síðan deildarlæknir á lyflækningadeild Landspítalans. „Þá var engin taugadeild og engin barnadeild svo þetta kom allt til okkar. Ég öðlaðist mjög mikla og fjölbreytta reynslu af starfinu á Landspítalanum á þessum árum og þegar ég fór út til Harvard í framhaldsnám þá hafði ég miklu meiri klíniska reynslu en flestir bandarísku félagá minna. Ég gleymi því stundum, þegar ég hef verið spurður hvað ég hafi verið lengi í framhaldsnámi, að telja þessi ár á Landspítalanum. Þau voru gríðarlega mikilvæg.“

Önnur ályktun sem vekur forvitni felst í áskorun lækna til stjórnvalda um að draga úr sölu og framboði á áfengi. Snorri Páll slær á léttu strengi og segir að líklega hafi fundarmenn verið með slæma samvisku eftir veisluhöld kvöldið áður. „En fundinum þótti þetta mikilvægt og sendi frá sér þessa ályktun.“

Birna bætir hér við og segir frá því að Evrópu-

Hávar
Sigurjónsson



samtök lækna hafi nýlega sent frá sér áskorun til stjórnmalamanna um að horfa til góðs árangurs í baráttu gegn tóbaksreykingum og beita sömu aðferðum gegn áfengisvandanum. „Það er góð hugmynd,“ segir Snorri Páll.

Birna og Snorri taka útdúrdúr og spjalla um stund um kaup og kjör lækna en þar kemur í samtalinu að Birna segir: „Svo segja sumir að klíníkn sé dauð! Hvernig líst þér á það, Snorri?“

„Það er hræðilegt en líklega er eitthvað til í því. Í mig hringdi kona sem leitað hefur til mín í gegnum tíðina og kvartaði yfir því að lækni sem hún fór til í fyrsta skipti hefði ekki einu sinni tekið upp hlustunarpípu. Ég vona bara að þetta sé ekki satt.“

„Þú ert sem sagt ekki alveg hættur að vinna,“ segir Birna.

„Nei, ég er með nokkra skjólstaðinga sem ég tala við í síma,“ segir Snorri. „Ef maður hefur nákvæma sjúkrasögu viðkomandi þá nægir að hlusta á hann til að vita hvað eigi að gera. Auðvitað þarf að framkvæma allar viðeigandi rannsóknir en það er engu að síður mikilvægt að hlusta.“

„Svo gamla setningin „Hlustaðu á sjúklinginn, hann er að segja þér greininguna“ á enn fyllilega við ef lækni kann að hlusta,“ segir Birna.

„Já, svo sannarlega en mér er sagt að margir

læknar treysti nánast í blindni á rannsóknaniðurstöður. Þær eru auðvitað orðnar miklu nákvæmari og fljótlegrar en í gamla daga. Það hafa orðið svo gríðarlega hraðar breytingar í læknisfræðinni. Einhvern tíma vorum við nokkrir fengnir til að halda stutt erindi um framtíðarsýn okkar eftir 20 ár. Það hefur ekkert af því staðist. Allt er komið miklu lengra en okkur gat dottið í hug.“

Talið beinist nú að samskiptum læknis og sjúklings og Snorri hefur ákveðna skoðun á því. „Það er mjög mikilvægt að lækni kunnir að tala við sjúklinginn. Viti hvernig eigi að flytja váleg tíðindi, til dæmis ef sjúklingurinn er með krabbamein. Það þýðir ekki að tilkynna það og flytja síðan tíu mínútna langa ræðu um hvernig eigi að haga meðferðinni. Sjúklingurinn heyrir ekki orð af því. Hann er í sjokki. Það verður að gera þetta af næmni og tilfinningu.“

Finnst þér að leggja eigi meiri áherslu á þetta í læknánáminu?

„Alveg hiklaust. Mér skilst reyndar að það sé byrjað að kenna þetta en það mætti áreiðanlega vera meira.“

Og með þeim orðum ljúkum við heimsókn til þessa aldrada heiðursmanns sem á langan og giftudrjúgan starfsferil að baki.

Tölvan er ansi glúrin að tefla,“ segir Snorri Páll Snorrason fyrrverandi formaður LÍ.